



Minjasafn Austurlands

Ársskýrsla 2016



Minjasafn Austurlands
Ársskýrsla 2016

© Minjasafn Austurlands

Öll réttindi áskilin

Forsíðumynd: Frá sýningunni Festum þráðinn.

Útgefandi: Minjasafn Austurlands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður útgáfu: Elsa Guðný Björgvinsdóttir

Höfundar efnis: Elsa Guðný Björgvinsdóttir

ISSN 1670-8059

Egilsstaðir 2017

Efnisyfirlit

Formáli	4
1. Inngangur	5
2. Starfsmannamál	5
3. Störf stjórnar.....	5
4. Opnunartími	6
5. Rekstur og fjármál	6
6. Styrkir.....	6
9. Útlán	7
10. Gestafjöldi og heimsóknir	8
11. Húsnæðismál	9
11.1 Safnahúsið að Laufskógum 1	9
11.2 Viljayfirlýsing um nýja burst.....	9
11.3 Geymslur safnsins.....	10
12. Sýningar og viðburðir.....	11
12.1 Grunnsýning	11
12.3 Hreyfivika	13
12.5 Fornleikar.....	13
12.4 Fjöllistamaður í Fjallasal	13
12.6 Festum þráðinn	15
12.7 Stefnumót við skógarsamfélag	16
12.8 Bókavaka	17
12.9 Jólaskemmtun Þjónustusamfélagsins á Héraði.....	17
13. Ný heimasíða.....	18
14. Safnafræðsla	18
15. Ráðstefnur, fundir, námskeið og samstarf.....	20
15. 1 Fundir og námskeið	20
15.2 Aðild að félögum	21
15.3. Ljósmyndasafn Austurlands	21
15.4. Ljóð á vegg	21
15.5 Hauksbókarsjóður.....	21
16. Markaðssetning og fjölmiðlaumfjallanir	22
17. Lokaorð	22

Formáli

Í Safnastefnu á sviði Þjóðminjavörslu sem Þjóðminjasafnið gefur út og Minjasafn Austurlands vinnur eftir, er gengið út frá fimm meginhlutverkum safna: söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknum og miðlun. Undir miðlunina fellur safnafræðsla og í stefnunni kemur fram að „söfnum [beri] að stunda skipulagt fræðslustarf fyrir skóla og almenning“ og jafnframt tekið fram að „[minjasöfn] ættu að stefna að ráðningu safnkennara sem menntaðir eru í greinum sem tengjast safnastarfi, auk kennaramenntunar eða kennslureynslu.“¹

Fljótsdalshérað, stærsti eigandi Minjasafns Austurlands, samþykkti á árinu menningarstefnu fyrir sveitarfélagið þar sem er að finna sérstakan kafla um menningaruppeldi. Í stefnunni eru tilmæli um að söfn og skólastofnanir starfi saman að heimsóknum, verkefnum og safnakennslu og jafnframt ætlast til þess að stofnanirnar hafi frumkvæði að samstarfi við Menntaskólann á Egilsstöðum og Handverks- og hússtjórnarskólann á Hallormsstað. Þá er gert ráð fyrir að menningarstofnanir sveitarfélagsins, söfn þar meðtalín, geri á hverju ári sérstaka fræðslu- og viðburðaáætlun ætlaða börnum.

Áhugi skólasamfélagsins á samstarfi við Minjasafni er mikill og ljóst að þar er vilji til samstarfs fyrir hendi. En eins og staðan er í dag er erfitt fyrir safnið að koma til móts við þann áhuga og verða við þeim tilmælum sem eigendur og stjórnvöld beina að safnin í þessum málaflokki. Árið 2010 var staða safnkennara við safnið skorin niður. Síðan þá hefur safnfræðsla safnsins ekki verið svipur hjá sjón og starfskonur safnsins sinnt fræðslunni í hjáverkum meðfram öðrum störfum. Eigi safnið að geta staðið undir þeim kröfum sem gerðar eru til þess þegar kemur að safnafræðslu, jafnframt því að sinna öðrum hlutverkum sínum svo sem varðveislu, skráningu, forvörslu, rannsóknum, markaðssetningu, sýningar- og viðburðahaldi og móttöku gesta, er ljóst að fjölga verður stöðugildum við safnið.

Unga kynslóðin er einn mikilvægasti markhópur safna. Þau eru framtíðin og það er mikilvægt að þeim sé snemma kennt að meta söfn og þá starfsemi sem þar fer fram jafnframt því að þau fái fræðslu um uppruna sinn og menningu. Mikilvægi slíks menningarlegs uppeldis er undirstrikað í menningarstefnu Fljótsdalshéraðs. Vonandi verður hægt að tryggja menningarstofnunum nægilegt fjármagn til að þær geti staðið undir þeim kröfum og væntingum sem gerðar eru til þeirra.

Elsa Guðný Björgvinsdóttir, safnstjóri.

¹ Sjá: <http://www.thjodminjasafn.is/media/rannsoknir/Safnastefna-a-svidi-thjodminjavorslu-loka.pdf>

1. Inngangur

Starfsemi Minjasafns Austurlands var blómleg á árinu 2016. Ný heimasíða var tekin í notkun á vormánuðum, settar voru upp tvær stórar samstarfssýningar auk þess sem safnið stóð fyrir smærri sýningum og fjölbreyttum viðburðum. Fjölmargir ferðamenn sóttu safnið heim á árinu og aðsókn og eftirspurn eftir safnfræðslu safnsins jókst jafnt og þétt. Til tíðinda dróg svo í húsnæðismálum safnsins í október þegar mennta- og menningarmálaráðherra og bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs undirrituðu viljayfirlýsingu þess efnis að önnur burst verði byggð við Safnahúsið á næstu árum. Önnur burst mun gjörbylta allri starfsemi safanna í húsinu og skapa mun betra svigrúm til sýninga- og viðburðahalds.

2. Starfsmannamál

Starfsmannamál Minjasafnsins voru óbreytt á árinu 2016. Við safnið voru tvö stöðugildi sem skiptust í 100% stöðu safnstjóra og tvær 50% stöður safnvarða. Elsa Guðný Björgvinsdóttir gegndi stöðu safnstjóra og Edda Björnsdóttir og Beata Fabian gegndu stöðum safnvarða auk þess sem Beata sinnti ræstingum í Safnahúsinu í 40% starfi. Sumarstarfsmaður safnsins var Júlía Kristey Jónsdóttir auk þess sem Sigurlaug Björnsdóttir var sameiginlegur sumarstarfsmaður Minjasafnsins og Bókasafns Héraðsbúa. Þær störfuðu við safnið frá 1. júní – 31. ágúst við móttöku gesta og önnur tilfallandi störf.

3. Störf stjórnar

Stjórn Minjasafnsins skipuðu þær Marianna Jóhannsdóttir (formaður), Margrét Dögg Guðgeirsdóttir Hjarðar (ritari) og Gunnhildur Ingvarsdóttir fyrir Fljótsdalshérað; Þórdís Sveinsdóttir fyrir Fljótsdalshrepp og Kristjana Björnsdóttir fyrir Borgarfjarðarhrepp. Varamenn voru þeir Skarphéðinn Þórisson og Páll Sigvaldason fyrir Fljótsdalshérað; Gunnar Jónsson fyrir Fljótsdalshrepp og Björn Aðalsteinsson fyrir Borgarfjarðarhrepp.

Stjórnin fundaði tvisvar á árinu. Auk þess funduðu stjórn og safnstjóri með fulltrúm Þjóðminjasafns og atvinnu- og menningarnefnd Fljótsdalshéraðs um málefni Galtastaða fram í Hróarstungu. Þar að auki sátu formaður stjórnar og safnstjóri sameiginlegan fund stjórna Minjasafns og Héraðsskjalasafns Austfirðinga með fulltrúum Fljótsdalshéraðs vegna skuldbindinga sveitarfélagsins vegna fasteignarinnar að Laufskógum 1 sem nánar er vikið að í kafla 11.1.

4. Opnunartími

Frá 1. janúar til 31. maí var vetraropnunartími safnsins í gildi en þá var safnið opið þriðjudaga til föstudaga frá klukkan 11:00 til 16:00. Tekið var á móti hópum, t.d. skólahópum, utan þess tíma ef óskað var eftir því. Sumaropnunartími tók gildi 1. júní en þá var safnið opið virka daga frá klukkan 11:30 til 19:00 og frá klukkan 11:00 til 18:00 um helgar. Vetraropnunartími tók síðan aftur við 1. september. Aðgangseyrir að safninu var 1000 krónur fyrir 18 ára og eldri.

5. Rekstur og fjármál

Rekstrartekjur Minjasafnsins á árinu 2016 voru rúmar 23 millj. og í samræmi við áætlun. Framlög aðildasveitarfélaga til rekstur safnsins voru 20,5 millj., safnið fékk 800.000 króna rekstrarstyrk frá Safnasjóði og verkefnastyrki sem námu 750.000 krónum (sjá kafla 6). Aðrar tekjur, þ.e. aðgangseyrir og önnur sala voru tæp milljón. Rekstrargjöld ársins 2016 námu samkvæmt ársreikningi 34,3 millj. Þar af voru laun og launatengd gjöld 15,5 millj. og fóru þau rúma 1,2 millj. fram úr áætlun.

Niðurstaða rekstrarreiknings Minjasafnsins fyrir árið 2016 er rekstrartap upp á 11,2 milljónir króna. Skýrist niðurstaðan alfarið af gjaldfærðri húsaleigu vegna Laufskóga 1 (11,9 millj.) en umsamið kaupverð á fasteigninni Laufskógar 1 greiðist með endurgjaldslausum afnotum Minjasafnsins af húsnæðinu. Ekki varð tap af hefðbundnum rekstri.

6. Styrkir

Minjasafnið hlaut sex styrki á árinu til reksturs og fjölbreyttra verkefna. Safnaráð veitti safninu tvo verkefnastyrki. Annars vegar 350.000 krónur til gerðar nýrrar vefsíðu fyrir safnið (sjá kafla 13) og hins vegar 900.000 króna styrk til gerðar kennsluefnis fyrir safnið (sjá kafla 14). Síðarnefndi styrkurinn var færður til ársins 2017. Þá veitti Safnaráð safninu einnig 800.000 kr. rekstrarstyrk. Uppbyggingarsjóður veitti safninu 200.000 krónur til að taka þátt í samstarfsverkefninu Festum þráðinn og Styrktarsjóður Alcoa Fjarðaáls veitti 200.000 krónur til sama verkefnis (sjá kafla 12.6) Þá var safnið einn af þremur samstarfsaðilum sem stóðu að sýningunni Fjöllistamaður í fjallasal sem hlaut 400.000 króna styrk úr Uppbyggingarsjóði Austurlands (sjá kafla 12.4)

7. Afhendingar og skráning safnkosts

Safninu voru afhentir 140 gripir á árinu 2016. Stærstu afhendingarnar voru 70 gripir sem tengdust starfsemi Kaupfélags Héraðsbúa og 26 munir úr eigu Jóhannesar Kjarvals sem áður höfðu verið til sýnis í Kjarvalsstofu á Borgarfirði eystri. Áður hafði safnið fengið afhenda margvíslega muni frá vinnustofu Kjarvals í Reykjavík. Þeir munir voru yfirfarnir og skráðir um leið og munirnir frá Kjarvalsstofu svo nú myndar þetta safn gripa Kjarvals eina heild í safnkosti safnsins.

Eins og undanfarin ár unnu safnverðir safnsins ötullega að ljósmyndun safnkostsins og skráningu hans í menningarsögulega gagnasafnið Sarp. Verkefni þetta hófst fyrir nokkrum árum og felst í að fara yfir og samræma allar eldri skráningar og gera þær aðgengilegar almenningi á vefnum. Upplýsingar um allar þessar afhendingar eru aðgengilegar á Sarpur.is

9. Útlán

Munir sem áður höfðu verið teknir til sýninga utan Minjasafnsins voru það í flestum tilfellum áfram á árinu. Heilbrigðisstofnun Austurlands á Egilsstöðum sýndi muni sem tengjast heilbrigðissþjónustu á Fljótsdalshéraði í biðstofu sinni, Rarik hafði til sýningar muni í Fjarðaselsvirkjun á Seyðisfirði og munir frá Minjasafninu voru til sýnis á Sómastöðum í Reyðarfirði í samstarfi við safnastofnun Fjarðabyggðar. Þá fékk Óbyggðasetrið í Fljótsdal að láni margvíslega muni sem áður tilheyrðu Vigfúsi Sigurðssyni frá Egilsstöðum í Fljótsdal og voru þeir settir upp á sýningu sem helguð er Vigfúsi. Áður hafði Óbyggðasetrið fengið orgel Vigfúsar að láni og látið gera það upp. Munir sem Eiðavinir höfðu haft til sýnis í Alþýðuskólanum á Eiðum í svokallaðri Eiðastofu voru flestir sóttir á árinu enda engin starfsemi í gangi á Eiðum og gestastofan ekki opin. Þegar munirnir voru sóttir var þó stefnt á að opna stofuna aftur síðar og því voru stærstu gripirnir skildir eftir að sinni þar sem það var mat starfsfólks að öryggi þeirra væri tryggt á staðnum og að hætta væri á að þeir yrðu fyrir hnjaski við flutninga fram og til baka.

10. Gestafjöldi og heimsóknir

Tæplega 2.200 gestir heimsóttu Minjasafnið á árinu 2016. Þar af heimsóttu tæplega 900 gestir safnið í júní, júlí og ágúst. Af þessum af þessum tæplega 2.200 gestum sem heimsóttu safnið á árinu komu um 330 gestir í opin hús eða á aðra viðburði þegar aðgangur að safninu var ókeypis, 531 nemendur komu í skipulagðar skólaheimsóknir og þeim fylgdu 90 kennarar og 170 komu í sérstakar séropnanir sem haldnar voru að beiðni utanaðkomandi aðila. Aðrir gestir voru það sem kalla má almennir gestir, þar af voru um 760 erlendir og tæplega 260 íslenskir. Þá lögðu um 1000 manns leið sína í Sláturhúsið í sumar þar sem meðal annars var uppi sýning um ævi og störf Jóns Stefánssonar frá Möðrudal, samstarfsverkefni Minjasafnsins, Héraðsskjalasafnsins og Menningarmiðstöðvar Fljótshéraðs (sjá nánar í kafla 12.4)

Gestafjöldi yfir sumarmánuðina (júní, júlí og ágúst) var nokkuð minni en vonir stóðu til. Erfitt er að segja til um hverju það sætir og gætu margir þættir spilað þar inni. Veður var gott í sumar sem ef til vill hefur dregið úr löngun ferðamanna til að dvelja inni á söfnum, þá gæti þurft að endurskoða í hvaða miðlum safnið er auglýst og einnig mætti bæta merkingar utan á húsinu. Þau mál eru þegar í skoðun.

Í sumar var tekin upp sú nýjung að skrá, með eins nákvæmum hætti og kostur var, frá hvaða löndum erlendu gestir safnsins koma. Niðurstöður þeirrar könnunar bentu til þess að flestir erlendir gestir safnsins árið 2016 hefðu komið frá Bandaríkjunum og Þýskalandi. Þá var einnig leitast við að skrá niður á hvaða tímum dags flestir gestir legðu leið sína á safnið. Aðsókn var nokkuð jöfn yfir daginn en þó heimsóttu áberandi flestir safnið á fyrstu tveimur opnunartímum hvers dags en fæstir á síðasta klukkutíma opnunartímans. Upplýsingar sem þessar koma að miklu gagni við markaðsetningu safnsins og þegar kemur að því að endurskoða opnunartíma. Stefnt er að því að gera þessa skráningu nákvæmari á næsta ári og kanna þá einnig hvaðan erlendir gestir hafa fengið upplýsingar um safnið.

Í sumar var gerð tilraun með að bjóða gestum uppá að kaupa sér kaffi í anddyri Minjasafnsins. Mæltist nú nýjung ágætlega fyrir.

11. Húsnæðismál

Mikil tíðindi urðu í húsnæðismálum safnsins á árinu þegar viljayfirlýsin um byggingu burstar tvö við Safnahúsið var undirrituð. Þá var áfram unnið að úrlausn geymsluvanda safnsins.

11.1 Safnahúsið að Laufskógum 1

Aðsetur Minjasafnsins er í Safnahúsinu að Laufskógum eitt. Þar eru einnig til húsa Héraðsskjalasafn Austfirðinga og Bókasafn Héraðsbúa. Húsið hefur verið í eigu Fljótsdalshéraðs frá árslokum 2013. Umsamið kaupverð á hlut Minjasafnsins í húsinu greiðist með endurgjaldslausum afnotum safnsins af eigninni til tólf ára frá og með undirritun kaupsamnings. Samkvæmt þeim samningi skuldbatt Fljótsdalshérað sig til að veita 30 milljónum til viðhalds- og endurbótaverkefna á húsnæðinu á árunum 2014 og 2015. Á haustmánuðum 2015 óskaði sveitarfélagið eftir því að frestur til að sinna þessum verkefnum yrði framlengdur til ársloka 2017 vegna þess að fyrirhugað var að ráðst í byggingu burstar tvö. Var það samþykkt, þó með fyrirvara um að hve miklu leyti samningurinn hefði verið uppfylltur fram að þessu. Í tengslum við það óskuðu stjórnir Minjasafnsins og Héraðsskjalasafns Austfirðinga eftir nánari sundurliðun á útgjaldaliðum vegna viðhalds og endurbóta í Safnahúsi á árunum 2014 og 2015. Sú sundurliðun barst um mitt ár 2016. Stjórnir Héraðsskjalasafns og Minjasafns gerðu nokkrar athugasemdir við sundurliðunina og töldu að þar væru tilgreindir kostnaðarliðir sem ekki féllu undir fyrirnefnt ákvæði. Sendar voru athugasemdir til sveitarfélagsins og óskað eftir öðrum fundi til að fara yfir málið. Sá fundur fór fram í desember. Fulltrúar Fljótsdalshéraðs féllust á hluta þeirra athugasemda sem fulltrúar safnanna höfðu gert, nánar tiltekið var fallist á að kostnaður við framkvæmdir í geymslu Minjasafnsins að Tjarnarási 9 félli ekki undir samninginn. Aðrar athugasemdir var ekki fallist á. Niðurstöður fundarins verða kynntar stjórn safnsins þegar hún kemur saman árið 2017.

Af framkvæmdum í húsinu á árinu bar hæst að settur var sjálfvirkur hurðaopnari á hurð á miðhæð til að bæta aðgengi, loftræstikerfi hússins var hreinsað og nýtt rakatæki sett upp.

11.2 Viljayfirlýsing um nýja burst

16. október 2016 skrifuðu Illugi Gunnarsson þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra og Björn Ingimarsson bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs undir viljayfirlýsingu þess efnis að ný burst verði reist við Safnahúsið á næstu árum. Málið á rætur að rekja til ársins 1999 en þá ákvað

Þáverandi ríkisstjórn að leggja fé í byggingu menningarhúsa á Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum og í Vestmannaeyjum. Upphaflegar hugmyndir gerðu ráð fyrir að nýtt menningar- og stjórnsýsluhús myndi rísa í miðbæ Egilsstaða en síðar var horfið frá þeim hugmyndum. Þess í stað var ákveðið að fara svipaða leið og gert var á Ísafirði en þar voru þrjú hús tekin undir starfsemi menningarhúss. Samkvæmt yfirlýsingunni er annars vegar gert ráð fyrir uppbyggingu í Sláturhúsinu sem verði gert að fjölnota menningarhúsi sem rúma skuli sviðslistir, tónlist, sýningar, vinnustofur og ungmennastarf auk gestaíbúðar fyrir listamenn. Hins vegar verði reist ný burst við Safnahúsið, líkt og ráð var fyrir gert í upprunalegum teikningum, sem verði til að bæta aðstöðu fyrir safnkost, sýningar og til fyrirlestrarhalds, auk aðstöðu fyrir fræði- og rannsóknarstörf. Tillaga um fjárheimildir vegna verkefnisins verður lögð fram sem hluti af fjárlagafrumvarpi ársins 2018.

Viljayfirlýsingin er mikið fagnaðarefni því ljóst er að ný burst mun gjörbylta starfsemi safnanna í Safnahúsinu. Með tilkomu annarrar burstar mun aðstaða til sýningahalds og fyrir viðburði batna til mikilla muna sem vonandi skilar sér í fjölbreyttari starfsemi samfélaginu öllu til hagsbóta.

11.3 Geymslur safnsins.

Geymslur safnsins í Safnahúsinu eru yfirfullar og um árabíl hefur verið ljóst að finna þarf lausnir á þeim vanda. Árið 2015 fékk safnið til umráða aukið geymslurými sem það leigir af Fljótsdalshéraði. Stefnt var að því að innrétta húsnæðið og flytja þangað gripi á haustdögum 2015. Ekkert varð af því þar sem í ljós komu gallar á húsnæðinu sem gerðu það að verkum að ekki þótti forsvaranlegt að flytja þangað safngripi. Þak húsnæðisins lak á nokkrum stöðum auk þess sem útidyrhurð reyndist óþétt. Haustið 2016 var skipt um þak á húsinu og hurðin lagfærð. Leiga var felld niður á meðan viðgerðir stóðu yfir. Stefnt er á flutning gripa í húsið á fyrri hluta ársins 2017.

Munir sem komið var fyrir í gamla Kornskálanum við Sláturhúsið á Egilsstöðum voru þar áfram á árinu. Rýmið uppfyllir ekki kröfur um geymslu safngripa og brýnt að þeir verði fluttir annað sem fyrst.

12. Sýningar og viðburðir

Sýninga- og viðburðahald var blómlegt á árinu. Settar voru upp tvær stærri sýningar og nokkrar minni auk þess sem Minjasafnið stóð fyrir margvíslegum viðburðum, allt frá fornleikum til útsaumskaftis. Þá kom safnið að fleiri viðburðum sem haldnir voru í samstarfi við hin söfnin í Safnahúsinu eða aðra aðila á svæðinu. Hér á eftir verður sagt frá þeim sýningum og viðburðum sem Minjasafnið stóð fyrir á árinu eða koma að með öðrum hætti.

12.1 Grunnssýning

Grunnsýning Minjasafnsins var óbreytt á árinu. Sýningin er tvískipt, annars vegar er þar um að ræða sýninguna Sjálfbær eining og hins vegar sýninguna Hreindýrin á Austurlandi. Á fyrrnefndu sýningunni er leitast við að sýna hvernig hvert íslenskt sveitaheimili þurfti að vera sjálfu sér nægt um brýnustu lífsnauðsynjar og þar eru til sýnis gripir sem tilheyra sögu gamla sveitasamfélagsins á Austurlandi eins og það var fram undir miðja 20. öldina. Á sýningunni Hreindýrin á Austurlandi, sem opnuð var árið 2015 er fjallað um lífshætti og lífsbaráttu hreindýranna, hættur sem þau búa við af náttúru- og mannavöldum, rannsóknir á þeim, sögu hreindýraveiða og hvernig afurðir dýranna hafa verið nýttar í matargerð, handverki og hönnun. Síðasta viðbótin við þá sýningu kom í hús á árinu þegar uppstoppaður hreindýrstarfur var settur þar upp. Tarfurinn sem var felldur á Fljótsdalsheiði, nánar tiltekið rétt innan við Þrælsháls, var stoppaður upp af Reimari Ásgeirssyni, uppstoppa á Egilsstöðum og sómir sér afar vel á sýningunni.



Uppstoppaður hreindýrstarfur, nýjasta viðbótin við sýninguna Hreindýrin á Austurlandi.

12.2 Afmælisfagnaður – 20 ár í Safnahúsi

Árið 2016 var mikið afmælisár í Safnahúsinu á Egilsstöðum. Þá voru 60 ár liðin frá stofnun Bókasafns Hérðasbúa, 40 ár frá stofnun Héraðsskjalasafns Austfirðinga og 20 ár frá því að Safnahúsið var formlega opnað. Í tilefni afmælanna var blásið til afmælisfagnaðar í Safnahúsinu á sumardaginn fyrsta. Flutt voru ávörp, stúlknakórinn Liljurnar tók lagið og gestum boðið að þiggja veitingar, skoða sýningar og kynna sér starfsemi safnanna. Krístrún Jónsdóttir (Dúrri) sem starfaði á Bókasafninu um árabil sagði frá störfum sínum á safninu, flutningum milli húsa í bænum og bókum sem alltaf týndust. Steinunn Kristjánsdóttir, fyrsti safnstjóri Minjasafnsins, lýsti flutningum safnkosts Minjasafnsins úr geymslum í ný húsakynni í Safnahúsinu og starfseminni fyrstu árin í húsinu. Þá sagði Arndís Þorvaldsdóttir sem hefur starfað á Héraðsskjalasafninu um árabil, skemmtilegar sögur úr starfi safnsins.

Í tilefni dagsins settu starfskonur Minjasafnsins upp sýningu sem bar yfirskriftina 20 ár í Safnahúsi en hún samanstóð af munum úr öllum söfnunarflokkum Minjasafnsins og var ætlað að sýna fjölbreytileika safnkostsins. Afmælisfagnaðurinn heppnaðist afar vel og um 100 mann lögðu leið sína í húsið.



Uppi, til vinstri: Stúlknakórinn Liljurnar tekur lagið undir stjórn Margrétar Láru Þórarinsdóttur og við undirleik Tryggva Hermannssonar.

Uppi, til hægri: Gestir hlusta á söng og erindi.

Til hægri: Sýningin 20 ár í Minjasafni sem sett var upp í tilefni dagsins.

12.3 Hreyfivika

Söfnin í Safnahúsinu létu sitt ekki eftir liggja í Evrópsku hreyfivikunni sem fram fór í maí. Hreyfivikan er árleg lýðheilsuherferð sem hefur það að markmiði að kynna kosti þess að taka þátt í hreyfingu og íþróttum og er hluti af evrópska verkefninu Now We Move. Margvíslegir viðburðir voru haldnir í öllum sveitarfélögunum á Austurlandi. Í Safnahúsinu var sett upp sérstök Hreyfivikusýningu á þriðju hæð hússins. Safnverðir Minjasafnsins tíndu fram margvíslega muni tengda íþróttaiðkun og hreyfingu, Héraðsskjalasafnið bauð upp á myndasýningu með myndum sem sína íþróttaiðkun Austfirðinga og Bókasafnið setti í öndvegi bækur tengdar heilsu og hreyfingu.

12.5 Fornleikar

Minjasafnið stóð fyrir fornleikum í tengslum við Sumarhátíð UÍA sem fram fór 9.-10. júlí. Michelle Lynn Mielnik sá um að skipuleggja og stjórna leikunum en þátttakendum gafst kostur á að prófa margvíslega gamla leiki og þrautir sem reyndu á styrk, liðleika, snerpu og útsjónarsemi. Sumir brutu heilann yfir refsák og myllu á meðan aðrir reyndu með sér í hornskinnu eða prófuðu að sækja smjör í strokkinn. Einnig mátti sjá fólk stökkva yfir sauðalegg, reisa horgemling og spyrja völu spurninga svo fátt eitt sé nefnt.



Þátttakendur á fornleikum Minjasafnsins.

12.4 Fjöllistamaður í Fjallasal


Sumarsýning Minjasafnsins sumarið 2016 var samstarfsverkefni safnsins, Héraðsskjalasafns Austfirðinga og Menningarmiðstöðvar Fljótsdalshéraðs. Sýningin bar heitið Fjöllistamaður í Fjallasal og var tileinkuð Jóni A. Stefánssyni (1880-1971) frá Möðrudal á Fjöllum.

Auk þess að vera bóndi í Möðrudal var Jón mikill hagleiks- og listamaður, málaði málverk, skar út í tré, spilaði á orgel, samdi lög og söng. Frægastur er hann þó fyrir að hafa

byggt Möðrudalskirkju og málað altaristöfluna sem í henni er en kirkjuna byggði hann til minningar um konu sína, Þórunni Oddsen. Á sýningunni voru til sýnis málverk og útskornir listmunir eftir Jón, hægt var að hlusta á viðtal við hann og frásagnir tengdar honum að ógleymdum söng hans og hljóðfæraleik. Þá gafst gestum kostur á að skoða ljósmyndir og skjöl tengd Jóni og úr eigu hans. Íris Lind Sævarsdóttir, listakona og afkomandi Jóns, veitti listræna ráðgjöf við uppsetningu sýningarinnar og hún teiknaði einnig Möðrudalskirkju á glugga sýningarsalarins. Einhverju sinni var Jón spurður að því hver hefði gert uppdrátt að kirkjunni. Þá svaraði Jón: „Það hefir enginn gjört, ég hef bara hugsað mér hana svona. Þegar búið er að fullgera hana, getið þið tekið ljósmynd af henni, ef þið viljið, og haft hana fyrir uppdrátt.“ Segja má að þarna hafi uppdrátturinn loksins komið.

Sýningin var afar vel sótt en í kringum 1.000 manns lögðu leið sína í Sláturhúsið til að skoða hana. Fjöldmargir einstaklingar lögðu aðstandendum sýningarinnar lið með því að lána málverk, gripi og ljósmyndir. Eru þeim öllum færðar miklar þakkir.

Í tengslum við sýninguna var óskað eftir upplýsingum frá almenningi um verk eftir Jón sem kynnu að leynast inná heimilum landsmanna. Í kjölfarið bárust söfnunum upplýsingar um a.m.k. 15 verk víðsvegar af landinu, bæði málverk og útskorna gripi. Jón merkti nær aldrei listmuni sína sem gerir það ennþá mikilvægara að halda til haga upplýsingum um verk hans.



Uppi, til vinstri: Gestir á opnun sýningarinnar Fjölistamaður í Fjallasal í Sláturhúsinu

Uppi, til hægri: Gestir virða fyrir sér málverk eftir Jón A. Stefánsson frá Möðrudal

Til hægri: Gestir skoða „úrklippurbækur“ með ljósmyndum, blaðagreinum og persónulegum skjölum tengdum Jóni frá Möðrudal.

12.6 Festum þráðinn

Miðvikudaginn 2. nóvember, á fyrsta degi menningarhátíðarinnar Daga myrkurs, var opnuð ný sýning í Minjasafninu við hátíðlega athöfn. Þar var um að ræða sýninguna *Festum þráðinn - samræður um útsaum spor fyrir spor* sem sett var upp í tengslum við rannsókn norsku listakonunnar Ingrid Larssen á útsaumshefðum annars vegar á Austurlandi og hins vegar í Vesterålen í Noregi. Markmið rannsóknar Ingridar var að skoða hvað væri líkt og ólíkt með útsaumshefðum og aðferðum á Austurlandi og í Vesterålen og um leið að varðveita þessa arfleifð fyrir komandi kynslóðir. Ingrid tók viðtöl við 10 konur, fimm frá hvoru svæði, sem allar eiga það sameiginlegt að hafa stundað útsaum frá unga aldri. Afrakstri rannsókna sinna miðlaði Ingrid í samnefndri bók sem var til sýnis og sölu á Minjasafninu og á sýningunni mátti sjá sýnishorn af verkum kvennanna.

Þátttakendurnir í verkefninu voru: Petra Friðrika Björnsdóttir, Guðný G.H. Marinósdóttir, Guðrún Sigurðardóttir, Jónína Fjóla Þórhallsdóttir, Kristbjörg Sigurðardóttir, Signe Kristensen, Helene Sophie Breivik, Greta Paulsen, Lilljan Greta Søyland og Eva Kristine Kvensjø.

Sýningarstjóri var Perla Sigurðardóttir. Sýningin stóð yfir fram að jólum og var vel sótt. Á árinu 2017 verður hún sett upp í Sortland Museum í Vesterålen.


Í tengslum við sýninguna var boðið til útsaumskaftis í Minjasafninu nokkrum dögum eftir opnun hennar. Guðrún Sigurðardóttir handavinnukennari og einn þátttakenda í sýningunni *Festum þráðinn*, fræddi viðstadda um mismunandi gerðir útsaums, sýndi margvísleg sýnishorn og leyfði gestum að spreyta sig. Sumir gestanna komu með eigin verk til að sýna og segja frá. Þá lásu Arndís Þorvaldsdóttir og Elsa Guðný Björgvinsdóttir ljóð og texta sem tengjast hannyrðum á einhvern hátt.



Íslensku þátttakendurnir ásamt safnstjóra og verkefnisstjóra við opnun sýningarinnar.

Frá vinstri: Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnstjóri, Ingrid Larssen verkefnisstjóri, Petra Björnsdóttir, Guðný Marinósdóttir, Jónína Fjóla Þórhallsdóttir, Kristbjörg Sigurðardóttir og Guðrún Sigurðardóttir.

Mynd: Gunnar Gunnarsson



Uppi til hægri og vinstir: Gestir á opnun sýningarinnar Festum þráðinn.

Niðri til vinstri: Frá sýningunni Festum þráðinn

Niðri til hægri: Gestir á útsaumskafti sem haldið var í tilefni af sýningunni Festum þráðinn

12.7 Stefnumót við skógarsamfélag

Minjasafnið tók á móti þátttakendum alþjóðlegu vinnustofunnar Stefnumót við skógarsamfélag sem haldin var maí. Vinnustofan var haldin á vegum SAM-félagsins, grasrótarsamtaka skapandi fólks á Austurlandi í samvinnu við hönnunarteymið Megan Urban og Jason Dilworth frá Designers & Forests í Bandaríkjunum en þau eru aðstoðarprófessorar í gráfískri hönnun við Fylkisháskólann í New York State.



Þátttakendur í vinnustofunni skoða gripi úr safnkosti Minjasafnsins

Á vinnustofunni var unnið með hulin verðmæti skógarsamfélagsins þar sem mannauður, hráefni og menningararfleifð voru útgangspunktur. Heimsóknin á Minjasafnið tengdist síðastnefnda punktinum, þ.e. menningararfleifðinni. Á safninu skoðuðu þátttakendur margvíslega gripi úr safnkostinum sem tengjast viðfangsefnum vinnustofunnar svo sem útskorna listmuni og nytjahluti úr tré. Heimsóknina nýttu þátttakendurnir síðan sem innblástur þegar kom að hönnun og sköpun afurða úr austfirskum skógum.

12.8 Bókavaka

Hin árlega bókavaka Safnahússins fór fram 1. desember. Vakan er árlegur viðburður í safnahúsinu og er samstarfsverkefni safnanna þriggja þó starfskonur Bókasafnsins hafi veg og vanda af skipulagningunni. Á vökunni var austfirsk útgáfa í öndvegi eins og venjan er og kynntar til leiks bækur gefnar út í fjórðungnum og einnig bækur sem tengjast honum á einhvern hátt. Afar mikil gróska er í bókaútgáfu á Austurlandi um þessar mundir og því var fjallað um fjölda bóka á vökunni. Nokkrir höfundar lásu úr verkum sínum auk þess sem fulltrúar bókaútgáfunnar Bókstarfs og Félags ljóðaunnenda á Austurlandi sögðu frá þeim bókum sem gefnar hafa verið út á þeirra vegum í ár.

12.9 Jólaskemmtun Þjónustusamfélagsins á Héraði

11. desember var opið hús á Minja- og Bókasafninu í tilefni af jólaskemmtun Þjónustusamfélagsins sem haldin var í Tjarnargarðinum. Um 100 gestir, ungir og gamlir leituði í hlýjuna í Safnahúsinu eftir að hafa átt skemmtilega stund í Tjarnargarðinum. Frítt var inn á sýningar Minjasafnsins, jólasögur lesnar á Bókasafninu og Myndsmiðjan setti upp jólamyndastudíó á neðstu hæðinni sem þar hægt var að fá mynd af sér með Hurðaskelli. Allir voru í jólaskapi þó sumir hafi verið svolítið smeikir við jólasveinana.

13. Ný heimasíða

Ný heimasíða Minjasafnsins var tekin í notkun í apríl. Eldri síða Minjasafnsins var barn síns tíma, hún var ónotendavæn, útlit hennar gamaldags og leiðakerfi hennar flókið. Þá var hún ekki snjallsímavæn en það er mjög óheppilegt sérstaklega með auknum fjölda ferðamanna sem nýta snjallsíma til að leita sér upplýsinga um afþreyingu á hverjum stað. Nýja síðan var hönnuð og uppsett af fyrirtækinu PES ehf á Egilsstöðum. Markmiðið var að búa til lifandi vef sem væri órjúfanlegur hluti af starfsemi safnsins og gluggi þess út í samfélagið. Síðan hefur fengið afar góðar viðtökur. Þar eru sem fyrr fluttar fréttir daglegu starfi safnsins auk þess sem þar er að finna allar almennar upplýsingar um safnið, s.s. um opnunartíma, yfirstandandi sýningar og fyrri sýningar, ágríp af sögu safnsins, fundargerðir, árskýrslur og ársreikninga svo fátt eitt sé nefnt. Þá er stefnt á að nýta síðuna meira í fræðslustarfi safnsins, t.d. með því að setja þar inn ýmiskonar fróðleik og gagnvirkir efni frá sýningum safnsins. Slóðin er sem fyrr www.minjasafn.is



Ný heimasíða Minjasafns Austurlands.

14. Safnafræðsla

Meirihluti þeirra hópa sem nýttu sér safnfræðslu safnsins á árinu voru skólahópar en þó teygði fræðslan sig einnig til annarra hópa. Til dæmis heimsóttu nemar í íslensku fyrir útlandinga á vegum Austurbrúar safnið og fengu leiðsögn um grunnsýningarnar og safnstjórar Minjasafnsins og Héraðsskjalasafns Austfirðinga fluttu erindi um Sigfús Sigfússon fyrir félag eldri borgara á Fljótsdalshéraði.

Á árinu 2016 heimsóttu 513 nemendur úr leik-, grunn- og framhaldsskólum safnið í skipulögðum heimsóknum. Með þeim í för voru 88 kennarar. Af þessum 513 nemendum voru 294 leikskólabörn, 115 grunnskólabörn og 104 framhaldsskólanemar. Tilgangur heimsóknanna var margvíslegur. Í sumum tilfellum komu hóparnir í þeim tilgangi að fá leiðsagnir um sýningar safnsins en í öðrum tilfellum var tilgangur heimsóknanna að skoða ákveðin umfjöllunarefni. Sem dæmi kom 1. bekkur í Fellaskóla gagngert til að skoða gamla skó og áhöld til skógerðar en krakkarnir höfðu verið að vinna með söguna um skósmiðinn og álfana og var heimsóknin hluti af þeirri vinnu. Þá voru skipulagðar sérstakar

aðventuheimsóknir sem ætlaðar voru elsta árgangi leikskólanna og fyrstu bekkjum grunnskólanna. Í heimsókninni var fjallað um jólasveinanna og þá muni og athafnir sem þeir draga nöfn sín af.



Nemandi af leikskólanum Tjarnarskógi leikur sér með leikföng fyrri tíma

Í upphafi árs hófst samstarf Minjasafnsins og leikskólans Tjarnarskógar á Egilsstöðum. Samstarfið fólst í því að safnið tók á móti öllum börnum fæddum 2012 í fjórum skipulögðum heimsóknum. Í hverri heimsókn var tekið fyrir eitt ákveðið umfjöllunarefni, þ.e. húsakynni fólks í gamla daga, klæðnaður, matargerð og leikir. Samstarfið gekk afar vel og var ákveðið að halda því áfram um haustið og taka þá á móti börnum fæddum árið 2013. Heimsóknirnar voru jafnmargar en þær voru að þessu sinni látnar dreifast yfir allan veturinn, frá hausti fram á vor, en ekki bara aðra önnina.

Heimsókn í Safnahúsið var áfram hluti af kennslu í áfanganum Listir á líðandi stundu sem kenndur er í Menntaskólanum á Egilsstöðum. Áfanginn, sem er á listnámsbraut, er skylduáfangi fyrir alla nemendur skólans þannig að reikna má með að allir nemendur sem útskrifast úr Menntaskólanum hafi á einhverjum tímapunkti heimsótt safnið. Þá heimsóttu nemendur í sögu við sama skóla einnig safnið í tengslum við nám sitt.

Nær allir skólahóparnir sem heimsóttu safnið voru frá Fljótsdalshéraði og flestir úr þéttbýlinu á Egilsstöðum. Helgast það að sjálfsögðu af nálægð skólanna við safnið en þessir skólar eiga eðli málsins samkæmt auðveldara með tvinna heimsóknir inn í skólastarfið en skólar sem eru lengra í burtu. Safnið fékk þó heimsókn frá útskriftarárgangi leikskólans Kærabæjar á



Nemendur í 1. bekk Fellaskóla kynntu sér skó og skógerð.

Fáskrúðsfirði sem var í útskriftarferð um Fljótsdalshérð og einnig frá Nesskóla í Neskaupstað.

Sífelld er verið að leita leiða til að koma til móts við þá skóla sem ekki eiga þess kost að heimsækja safnið. Meðal þess sem framundan er í þeim efnum er samstarf við heimasíðuna Kennarinn.is en síðan sú er gagnabanki fyrir kennara með margvíslegu náms- og ítarefni. Til standur að Kennarinn.is útbúi námsefnispakka fyrir Minjasafnið sem verða aðgengilegir á

netinu og kennarar geti nýtt, bæði sem stuðning við heimsókn á safnið en einnig heima í skólastofunni ef nemendur komast ekki í heimsókn. Minjasafnið hlaut styrk frá Safnaráði til verkefnisins árið 2016.



Nemendur í Fellaskóla vinna verkefni.



Nemendur af leikskólanum Tjarnarskógi

15. Ráðstefnur, fundir, námskeið og samstarf

Starfsfólk safnsins reyndi eftir megni að sækja flesta þá fundi og námskeið sem tengdust á einhvern hátt starfsemi safnsins og hlutverki þess. Þá tók safnið þátt í margvíslegu samstarfi.

15. 1 Fundir og námskeið

Safnstjóri sótti grunnnámskeið í notkun Sarps og námskeið í skjalavörslu sem haldið var á vegum Héraðsskjalasafns Austfirðinga. Sumarstarfskonur safnsins sóttu námskeið fyrir starfsfólk upplýsingamiðstöðva og þá sem starfa við upplýsingagjöf til ferðamanna sem Endurmenntun Háskóla Íslands stóð fyrir en hægt var að sitja námskeiðið í gegnum fjarfundabúnað hjá Austurbrú á Egilsstöðum. Af öðrum fundum og námskeiðum má nefna borgarafund um millilandaflug til Egilsstaða, fundi og viðburði í tengslum við mótum áfangastaðarins Austurlands, fund um Sóknaráætlun Austurlands og fund um fræðslustefnu Vatnajökulsþjóðgarðs. Þá sóttu safnstjóri og Edda safnvörður fund um safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu sem Þjóðminjasafnið stóð fyrir á Seyðisfirði fyrir söfn á Austurland, safnstjóri sótti vorfund Þjóðminjasafnsins og fundaði um leið með safnstjórum annars staðar af landinu. Safnstjóri sótti einnig málþing um söfn og ferðaþjónustu sem haldið var á vegum Safnaráðs, Íslandsstofu og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þá flutti safnstjóri framsögu á

málstofu um málefni fornminja á Austurlandi sem haldin var á vegum Söguslóða Austurlands og Stofnunar rannsóknarsetra Háskóla Íslands á Austurlandi.

15.2 Aðild að félögum

Minjasafnið var áfram aðili að FÍSOS, félagi íslenskra safna og safnamanna. Þá var safnið einnig áfram aðili að Þjónustusamfélaginu á Fljótsdalshéraði, en það eru samtök stofnana, fyrirtækja og ferðaþjónustuaðila á svæðinu með það að markmiði að efla upplýsingagjöf og þjónustu við íbúa og ferðamenn. Minjasafnið átti í margvíslegu samstarfi við aðrar stofnanir og fyrirtæki á Fljótsdalshéraði í gegnum samtökin, m.a. tók safnið þátt í jólaskemmtun Þjónustusamfélagsins sem nánar er sagt frá í kafla 12.9.

15.3. Ljósmyndasafn Austurlands

Safnið var áfram aðili að Ljósmyndasafni Austurlands sem er sérstök deild innan Héraðsskjalasafns Austfirðinga og hefur það umsjón með rekstri þess og verkefnum. Ljósmyndasafnið geymir í kringum 80 þúsund myndir en allar ljósmyndir sem berast Minjasafninu eru varðveittar þar. Minjasafnið veitir fé til reksturs ljósmyndasafnsins að einum þriðja á móti Héraðsskjalasafninu og Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi.

15.4. Ljóð á vegg

Undanfarin ár hefur Fljótsdalshérað staðið fyrir verkefni sem ber heitið Ljóð á vegg. Fellst verkefnið í því að skreyta valdar byggingar verkefnið í því að skreyta valdar byggingar á Egilsstöðum með ljóðum eftir höfunda af svæðinu. Söfnin í Safnahúsinu og leik- og grunnskólar á Fljótsdalshéraði eiga sinn fulltrúann hvor í starfshópi sem sér um að velja ljóðin. Fulltrúi safnanna á árinu 2016 var Bára Stefánsdóttir, safnstjóri Héraðsskjalasafns Austfirðinga.

15.5 Hauksbókarsjóður

Árið 1996 stofnaði fjölskylda Hauks Stefánssonar listmálara frá Rjúpnafelli í Vopnafirði svokallaðan Haukssjóð sem ætlað var að efla myndlist á Austurlandi með viðurkenningum og bókagjöfum. Forstöðumenn Minjasafnsins og Bókasafns Héraðsbúa voru skipaðir umsjónarmenn sjóðsins og var hann fjármagnaður með sölu bóka um Hauk. Lítið hefur farið fyrir sjóðnum undanfarin ár en nú var tekin ákvörðun um að gefa nemendum sem útskrifast af

listnámsbraut Menntaskólans á Egilsstöðum eintak af bókinni sem hvatningarverðlaun í samræmi við markmið sjóðsins. Tvisvar var útskrifað úr Menntaskólanum á árinu í hvort skipti útskrifaðist einn nemandi af listnámsbraut. Það voru þau Hrafnhildur Halldórsdóttir og Przemyslaw Czech.

16. Markaðssetning og fjölmiðlaumfjallanir

Hönnunarfyrirtækið PES ehf á Egilsstöðum var fengið til að hanna einblöðung með upplýsingum um grunnsýningar og opnunartíma safnsins. Einblöðungnum var dreift á upplýsingamiðstöðvar, hótél og veitingastaði í fjórðungnum. Þá auglýsti safnið í Safnabókinni, smábókinni East Iceland sem er opinber ferðamannabæklingur Austurlands gefinn út af Austurbrú, í Vegahandbókinni auk þess sem greinar um safnið bitust í tímaritinu Icelandic Times. Þá var gert átak í að uppfæra upplýsingar um safnið á ýmsum netmiðlum eins og Trip Advisor og Google Maps.

Allir viðburðir á vegum safnsins voru kynntir á heimasíðu og Facebooksíðu safnsins. Fréttatilkynningar voru sendar til fjölmiðla og stærri viðburðir voru auglýstir í staðbundnum miðlum.

Fjölmiðlaumfjöllun um viðburði á vegum safnsins svo og starfsemi þess var töluverð á árinu. Í apríl birti vikublaðið Austurglugginn stóra grein um starfsemi safnanna í Safnahúsinu og sagt var frá afmælishátíð safnanna á vefsíðunni Austurfrétt. Fjallað var um sýninguna Fjöllistamaður í fjallasal í Mannlega þættinum á Rás 1, í kvöldfréttum RÚV, í Austurglugganum og í vikublaðinu Austurland. Þá var fjallað um sýninguna Festum þráðinn í kvöldfréttum RÚV, í Austurglugganum, á vefsíðunni Austurfrétt og í Vikunni.

17. Lokaorð

Árið 2016 var viðburðaríkt hjá Minjasafni Austurlands og engin ástæða til að ætla annað en að 2017 verði það einnig. Framundan eru flutningar í langþráða geymslu safnsins, vinna við áframhaldandi uppbyggingu safnafræðslunnar auk þess sem sýninga- og viðburðahald verður áfram fjölbreytt. Þar ber hæst sumarsýning Minjasafnsins sem verður aftur samstarfsverkefni safnsins, Héraðsskjalasafns Austfirðinga og Menningarmiðstöðvar Fljótsdalshéraðs en þessar stofnanir munu standa saman að sýningu í tilefni af 70 ára afmælis Egilsstaða.

